



352. fundur Skólanefndar FS

29. janúar 2020

Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Helga María Finnbjörnsdóttir, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Strætóferðir við FS.
 3. Nýbyggingin
 4. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar og breytingum á starfsliði. Nemendur í dagskóla eru um 830 og um 100 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Skólameistari sagði einnig frá kaupum á tækjum og búnaði. Verið er að vinna að því að þýða áfangalýsingar á sjúkraliðabraut á pólsku en stefnt er að því að byrja með nám á brautinni fyrir pólskumælandi næsta haust en námið fer fram á íslensku. Þetta verkefni er unnið fyrir styrk til verkefna á Suðurnesjum.

2. Strætóferðir við FS.

Rætt um strætóferðir við skólann en búið er að leggja stoppistöð við skólann niður en það hefur valdið því að nemendur sem nota strætó mæta margir of seint í fyrsta tíma á morgnana. Málið rætt og áhersla lögð á að málið verði leyst. Skólanefnd lýsir vonbrigðum með að ekki hafi verið haft samráð við skólann þegar breytingar voru gerðar á leiðakerfi og þær megi ekki verða til þess að nemendur skólans noti síður almenningssamgöngur. Nefndin mælist til þess að skólinn fái fulltrúa í frekari vinnu vegna skipulags strætóferða.

3. Nýbyggingin.

Sýnt myndband með hugmyndum að viðbyggingu með félagsrými fyrir nemendur. Almenn rætt um fyrirhugaða viðbyggingu og undirbúning vegna hennar.


Handwritten signature and initials: "HMF" and "90".

4. Önnur mál.


- a) Skólameistari sagði frá því að verið er að vinna viðbragðsáætlun vegna óvissuástands varðandi jarðhræringar við Grindavík.
- b) Rætt um neteineltismál sem hafa verið að koma upp meðal nemenda skólans að undanfögnu. Ætlunin er að kalla nemendur á sal og ræða um einelti og þau viðhorf sem þar koma fram.
- c) Anna Sigríður sagði frá því að stjórn foreldrafélagsins ætlar að standa fyrir fyrirlestri um skaðleg efni 6. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Þóðvar Jónsson, formaður



Rósa Dögg Þorsteinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson

Anna Sigríður Jóhannesdóttir


Kristján Ásmundsson


Guðmann Kristþórsson, fundarritari